

TRAPPAN – SAMTALSMEDFERÐ FYRIR BÖRN, ÞOLENDUR HEIMILISOFBELDIS á vegum barnaverndar Fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar.

Frá undirbúningi til verklags:

- Sem liður í „Aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar, gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum 2018-2020“ og fram kemur fram í 4. lið þeirrar áætlunar n.t.t. í aðgerð 15 um „að þróa úrræði fyrir börn sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi „ var tekin ákvörðun um að starfsmenn barnaverndar tækju upp sérstakt verklag um samtalsmeðferð fyrir börn sem yrðu með einum eða öðrum hætti vitni að eða sjálf fyrir ofbeldi á heimilum sínum. Forstöðumaður barnaverndar hafði að hausti 2018 fengið stutta kynningu á verklagi barnaverndar Reykjanesbæjar varðandi vinnu með börnum sem hafa orðið vitni að heimilisofbeldi þar sem meðferðarúrræðið Trappan var notað.
- Þann 18. desember 2018 komu tveir starfsmenn barnaverndar Reykjanesbæjar til Akureyrar og héldu námskeið fyrir starfsmenn barnaverndar á Akureyri þar sem farið var yfir sögu Tröppunnar, rannsóknir á meðferðarúrræðinu, beitingu úrræðisins og lýsingu á verklaginu.
- Í framhaldi var fjárfest í einu eintaki af sænskri útgáfu Tröppu bókarinnar auk þremur eintökum á sænsku.
- Á nýju ári var haft samband við Inger Ekbom annan höfunda meðferðarúrræðisins Tröppunnar í Svipjóð með það að markmiði að starfsmenn öðluðust dýpri þekkingu á meðferðarúrræðinu og þar með meiri tilfinningu fyrir því. Inger tók starfsmönnum opnum örmum og sem liður í starfspróun var tekin ákvörðun um að fara vinnuferð til Stokkhólms og eiga þar einn námskeiðsdag með Inger þann 30. ágúst 2019. Sá dagur uppfyllti væntingar allra starfsmanna barnaverndar en hann var langur og strangur enda kennt að mestu á sænsku.
- Kynning á heimsókninni og verklag unnið í framhaldi og aðstaða undirbúin þegar heim var komið.

Verklag tilbúið _____

Fyrsta málið _____

Akureyri,

Vilborg Þórarinsdóttir

Forstöðumaður barnaverndar